

Vestmannaeyjabær
Ráðhúsinu
Kirkjuvegur 50
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 12. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0038
IAS

Efni: Deiliskipulag Eldfells. Kynning á vinnslustigi.

Við er í erindi frá Vestmannaeyjabæ, dags. 22. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Eldfells, kynningu á vinnslustigi.

Í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargossins hefur Vestmannaeyjabær fengið listamanninn Ólaf Elíasson til að hanna listaverk um goslokin þann 3. júlí 1973. Ríkisstjórn samþykkti að veita styrka af ráðstöfunarfé sínu til Vestmannaeyjabæjar vegna hugmyndavinnu fyrir listaverkið. Ferðamálaráðherra gerði í framhaldi samning um verkefnastyrk við Vestmannaeyjabæ sem undirritaður var 23. maí 2024. Listaverkið mun standa á nýjum útsýnisstað í Kirkjubæjarhrauni og honum munu tengjast nýjar gönguleiðir um hraunið og á Eldfell. Stórkostlegt útsýni er frá Eldfelli yfir Kirkjubæjarhraun og Vestmannaeyjabæ, í átt til lands og til eyjanna í kring. Markmiðið með nýjum útsýnisstað í hrauninu og gönguleið upp á fjallið er að bæta aðgengi að einstakri náttúru sem myndaðist í eldgosinu 1973 og auðga upplifun gesta af umhverfinu. Listaverkið mun koma til með að undirstrika enn frekar þá náttúrufegurð sem er á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun hefur áður komið með ábendingar og athugasemdir og eru þær endurteknar hér.

Markmið uppsetningar minnisvarða eru mörg hver mjög jákvæð. Það á t.d. að vernda og viðhalda náttúrulegu yfirbragði svæðisins með vandaðri uppbyggingu sem fellur vel að umhverfinu, sporna við ágangi framandi plöntutegunda, stýra umferð um svæðið og takmarka umferð ökutækja, einfalda stígakerfi með nýjum stíg sem verður hluti af upplifun listaverksins og leggja aðra stíga niður og færa þá aftur í náttúrulegt horf. Það kemur þó ekki nægilega vel fram á deiliskipulagsupphætti hvaða vegslóðum og stígum verður lokað og því erfitt að meta áhrifin.

Eldhraun og gígar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum um náttúruvernd og því þarf að huga sérstaklega vel að því að lágmarka allt rask á þeim. Umgengni í og við Eldfellið hefur verið ábótavant í gegnum árin og því getur minnisvarðinn stuðlað að bættri aðgengi og betra skipulagi innan svæðisins.


Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við staðsetningu minnisvarðans í hrauninu en setur spurningar við fyrirhugaða göngustíga upp á Eldfell. Almenn er æskilegt að göngustígar falli vel að náttúrunni og séu lítið áberandi. Hér á að fara þver öfuga leið og gera göngustígana

áberandi og hluta af minnismerki um gosið. Göngustígurinn á fyrst að liggja yfir hraunið en þegar hann kemur að Eldfelli á hann að kvíslast. Vestari hlutinn verður mikið til á sömu slóðum og eldri stígar en sá eystri á að fara upp gíginn þar sem hann er það brattur að ekki er öruggt að leggja þar stíg án þess að vera með handrið og hvíldarpalla og því verður um mikið mannvirki að ræða og óvíst er hversu mikla festingu er að fá í gjallinu.

Eldfellið er mjög sýnilegur, um 200 m hár gígur nánast inni í Vestmannaeyjabæ, og er í dag vitnisburður um eldgosið 1973. Náttúrufræðistofnun telur að minnismerki ætti ekki að breyta náttúrulegri ásýnd gígsins, með áberandi og jafnvel upplýstum göngustígum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en er tilbúin að veita frekari ráðgjöf á síðari stigum ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

